

Ár 2008, þriðjudaginn 4. mars, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jónasi Þór Guðmundssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

**Að ákveða laun og starfskjör forstöðumanns
Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og
heyrnarskertra**

I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á lögum um kjararáð, er verkefni kjararáðs meðal annars að ákveða laun forstöðumanns ríkisstofnana. Kjararáð hefur nýlega tekið ákvörðun um breytingu á launum forstöðumanns Blindrabókasafns Íslands og var ákveðið með vísan til 8. greinar laga um kjararáð að taka launakjör forstöðumanns Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra til endurskoðunar.

II.

Með bréfum dagsettum 5. desember 2007 var menntamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum vegna málsins. Sama dag var forstöðumanninum með bréfi gefinn umsagnarréttur. Auk þess var óskað eftir að hann gæfi upplýsingar um aukastörf og hlunnindi sem starfinu fylgdu. Var erindið ítrekað með bréfi til forstöðumannsins dagsettu 29. janúar 2008. Menntamálaráðuneytið svaraði með bréfi dagsettu 17. desember 2007 þar sem sagði að það hygðist ekki nýta sér umsagnarrétt sinn. Fjármálaráðuneytið svaraði með bréfi dagsettu 2. janúar 2008. Í bréfinu kom fram að því væri ekki kunnugt um hvaða breytingar hefðu orðið á starfsemi Samskiptamiðstöðvarinnar né heldur ástæðu þess að ráðið hefði ákveðið að taka launakjör forstöðumannsins til endurskoðunar og ætti því í nokkrum vandræðum með að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Forstöðumaðurinn svaraði með bréfi dagsettu 18. janúar 2008. Í bréfinu kom fram að hjá stofnuninni starfa 23 starfsmenn og að heildarvelta á síðastliðnu ári hefði verið rúmar 90 milljónir, þar af hefði framlag ríkissjóðs verið tæpar 50 milljónir. Með bréfinu fylgdi ítarleg starfslýsing fyrir starf forstöðumannsins ásamt drögum að ársskýrslu stofnunarinnar fyrir árið 2007. Í starfslýsingunni kemur meðal annars fram að forstöðumaðurinn veiti stofnuninni forstöðu og stýri starfi hennar í samræmi við erindisbréf og gildandi samning milli stofnunarinnar og menntamálaráðuneytisins. Forstöðumaðurinn sé ábyrgur gagnvart menntamálaráðherra fyrir rekstri og starfsemi stofnunarinnar. Hann skal vera leiðandi afl um áframhaldandi þróunarstarf innan stofnunarinnar, öflun þekkingar á starfssviði hennar, varðveislu og miðlun þeirrar þekkingar og þróun þjónustu við táknaáhrifssamfélagið. Einnig kemur fram að forstöðumaður hafi símaavakt vegna túlkabjónustu allan sólarhringinn. Forstöðumaðurinn situr í stjórn Nordisk uddannelsescenter for dövblindepersonale fyrir hönd heilbrigðisráðuneytisins.

III.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana

kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Með úrskurði kjararáðs dagsettum 6. desember 2007 var launum forstöðumanns Blindrabókasafns Íslands breytt. Að mati kjararáðs eru Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra og Blindrabókasafn að mörgu leyti sambærilegar stofnanir. Það á bæði við um verkefni þeirra svo og stærð og umsvif. Kjararáð hefur því ákveðið með vísan til innbyrðis samræmis að breyta launum forstöðumanns Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra svo að þau verði sem segir í ákvörðunarorði.

IV.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. desember 2007 skulu mánaðarlaun forstöðumanns Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 128, nú 520.116 krónur.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstöðumannsins gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Guðrún Zoëga

Jónas Þór Guðmundsson

Rannveig Sigurðardóttir